

## 33. gr.

Pegar taka skal ákvörðun, er varðar sérstaklega tiltekna stofnanir eða sveitarfélög, skal svæðisstjórn gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að kynna sér málið og láta álit sitt í ljós á fundi hennar.

## 34. gr.

Svæðisstjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytis. Hlutaðeigandi skal hafa þekkingu og/eða reynslu af málefnum fatlaðra. Starfssvið framkvæmdastjóra er m. a. að sjá um daglegan rekstur svæðisstjórna. Jafnframt er svæðisstjórn heimilt að fela framkvæmdastjóra að vinna að rekstrar- og fjárhagsáætlunum svo og önnur störf er svæðisstjórn telur rétt að fela honum. Svæðisstjórn er ennfremur heimilt að ráða aðra starfsmenn í þjónustu sína að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytis.

## 35. gr.

Kostnaður vegna starfa fulltrúa í svæðisstjórn greiðist úr ríkissjóði. Þóknananefnd ákveður laun vegna starfa svæðisstjórna. Um greiðslu ferðakostnaðar gilda sömu reglur og um opinbera starfsmenn.

Annar kostnaður við starfsemi svæðisstjórna greiðist úr ríkissjóði.

**Gildistaka.**

## 36. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, öðlast gildi 1. september 1986.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1986.*

**Alexander Stefánsson.**

*Margrét Margeirsdóttir.*

5. september 1986

Nr. 394

**SAMÞYKKT**

**um breytingu á samþykkt um stjórn Akureyrar nr. 143 frá 29. ágúst  
1962 sbr. samþykkt nr. 319 frá 20. júní 1986.**

## 1. gr.

29. tl. 29. gr. orðist svo:

Fimm fulltrúa á Fjórðungsþing Norðlendinga og fimm til vara.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akureyrar hefur sett staðfestist hér með samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8 18. apríl 1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1986.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Línadal.*